

# Áfangalýsing – Enská 103/2A06



## Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2012

## Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

ENS103/2A06 Hlustun, tal, lestur, ritun, skilningur, málfræði og orðaforði.

## Fjöldi eininga

3

## Undanfari

Enginn

## Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á vandlegan lestur texta, ritun og undirstöðuatriði enskrar málfræði með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Einnig er mikilvægt að kynna fyrir nemendum hugtakið menningarlæsi til þess að þeir geri sér betur grein fyrir og fái innsýn inní nýjan menningarheim og verði þar af leiðandi umburðarlyndari gagnvart ólíkum menningarbakgrunni annarra nemenda. Lesnr verða valdir rauntextar úr kennslubók, auk þess sem nemendur eiga að hraðlesa valin skáldverk og skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum.

Nemendur eiga að tileinka sér að tjá sig munnlega á ensku og verður þeim leiðbeint í kennslustundum, þar sem tjáskipti fara fram á ensku svo og með hjálp margmiðlunartækni.

## Kennslugögnum:

- *Inside Out, Upper intermediate, ensk lesbók og vinnubók.*
- *Gagnvirkar málfræðiæfingar á Netinu og efni frá kennara.*
- Skáldögur: The Giver - Lois Lowry, The Breadwinner – Debra Ellis, Killing Mr Griffin - Lois Duncan.
- Enskur málfræðilykill frá Máli og menningu. Ensk-ensk orðabók verður nýtt á Netinu.

# Áfangalýsing – Enska 103/2A06



## Námsmat:

Hóp verkefni og Kynningar :	20%
Munnlegt próf :	20%
Skriflegt próf :	20%
Lesefnispróf og verkefni:	10%
Skrifa verkefni:	15%
Þáttöku of frammistöðu í tínum:	15%

## Lokamarkmið áfanga:

### **Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :**

- enskri menningu og enskri tungu og öðlist dýpri þekkingu á enskumælandi samfélögum
- almennum málfræðireglum og geti beitt þeim í rituðu máli
- hugtökum í bókmenntafræði við skilgreiningar og umfjöllun um skáldsögur
- skilning á fjölbreyttum tegundum texta
- sérkennum ritmáls og talmáls

### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- kynna sér tiltekið efni, þekkja grunnorðaforða og ólíkar mállyskur enskumælandi landa
- beita grundvallar bókmenntahugtökum þar sem við á
- nota orðabók og alhlíða gagnvirkar æfingar á Netinu
- meta hvað sé góð eða slæm málnotkun á ensku
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang verkefna, einnig að afla upplýsinga í gegnum tölvuna
- afla upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum
- lesa sér til gangs og gamans mismunandi tegundir texta og fjalla um inntak þeirra
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Í að tjá sig á ensku við kennara, skólfélaga og enskumælandi fólk. Verða sjálfbjarga í upplýsingaöflun um fagið og það sem tengist mennigarheimi enskumælandi fólks.